

Um næstu helgi fara fram tvö landsmót hjá okkur. Í Egilshöllinni er mót í Grófri skammbyssu á laugardaginn. Á Álfsnesi er mót í haglabyssu-skeet á laugardag og sunnudag. Skráningu á þessi mót lýkur á ÞRIÐJUDAGINN og þurfa skráningar að berast á sr@sr.is.

Einnig er **Grafarvogsdagurinn** á sunnudaginn og er þá opið hús hjá okkur í Egilshöllinni þar sem gestir geta fengið að prófa loftriffla. Yngri en 15 ára geta því miður ekki fengið að prófa en 15-18 ára með heimild foreldra.

Félagsmót í BR50 riffli er á sunnudeginum á Álfsnesi sem hefst kl.10:00 og er skráning á staðnum.